

Gmail

Google Ireland Limited („Google“)

Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írland

<https://support.google.com/>

Tekur gildi 21. desember 2020

Samantekt samnings

- Samantekt þessa samnings lýsir þjónustu okkar í megindráttum eins og lög ESB segja til um¹.
- Henni er ætlað að hjálpa þér að bera saman þjónustutilboð.
- Ítarlegar upplýsingar um þjónustu okkar er að finna í öðrum skjölum.

Þjónusta

Gmail er tölvupóstþjónusta sem hægt er að nota í mismunandi tækjum og kerfum gegnum vefviðmót eða forrit. Internettengingar er krafist til að hægt sé að senda eða móttaka tölvupóst í Gmail. Google veitir þjónustu Gmail með viðunandi færni og vandvirkni og býður upp á hágæðaþjónustu.

Verð

Gmail er í boði án endurgjalds og fellur notkunin undir reglufylgni við þjónustuskilmála Google (hægt að skoða á <https://policies.google.com/terms>).

Tímalengd, endurnýjun og uppsögn

Þú getur notað Gmail um leið og þú hefur skráð þig. Þér ber engin skylda til að nota Gmail í ákveðinn tíma og þér er frjálst að hætta notkun þess hvenær sem er.

Eiginleikar fyrir notendur með fötlun

Þú getur unnið í Gmail með skjálesara og flýtylkum og hægt er að stilla þema með miklum birtuskilum. Frekari upplýsingar má finna á <https://www.google.com/accessibility/>.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Notendabjónusta: Hjálp/stuðningur vegna notkunar á Gmail er í boði á <https://support.google.com/>.

Ágreiningur: Þú getur hugsanlega leitað með kvartanir til annars aðila sem sinnir lausn deilumála sem getið er í <https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2> eða til annars þjónustuaðila, eins og lög kveða á um í þínu landi. Frekari upplýsingar má finna í þjónustuskilmálum Google.

Öryggisatvik: Google býður upp á tilvikastjórnun allan sólarhringinn til að greina og bregðast við tilvikum sem koma upp í tengslum við öryggi eða persónuvernd án tafar. Google býður einnig upp á öryggisgátlista Google til að hjálpa þér að hafa umsjón með eigin netöryggi.

Persónuupplýsingar: Til þess að geta skráð þig í Gmail þarftu að gefa upp nafnið þitt og notandanafn fyrir reikninginn þinn. Í persónuverndarstefnu Google (sjá á <https://policies.google.com/privacy>) má finna frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem Google safnar þegar þú notar Gmail.

Persónuverndarstefna Google er hvorki hluti samningsins sem þú og Google gerir ykkar á milli né þessarar samantektar.

¹ 3. mgr. 102. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (European Electronic Communications Code) (Stjtfíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).